

Knattspyrnufélagið Haukar

Stofnað 12. apríl 1931



Ársskýrsla 2015



Innihald árskýrslu 2015

A.	Inngangur.....	3
B.	Aðalstjórn Hauka	4
C.	Starfsnefndir	5
D.	Leikjaskóli barnanna	5
E.	Íþróttaskóli Hauka	5
	Haldið í horfinu	6
	Íþróttaskólinn skiptist í þrjá hluta.....	6
	Námskeiðin	7
	Yfirlit yfir starfsemina	8
	Samantekt.....	9
	Iðkenndatölur Íþróttaskóla Hauka 2015.....	9
F.	Frístundaheimili Hauka.....	11
G.	Barna- og unglingaráð	12
H.	Skákdeild.....	12
I.	Öldungaráð Hauka	12
J.	Íþróttahátíð Hauka	13
K.	Getraunaleikur Hauka.....	13
L.	Minningar- og styrktarsjóður Hauka	13
M.	Félagsráð Hauka	14
N.	Haukar í horni – stuðningsmenn	14
O.	Almenningsíþróttadeild	14
P.	Knattspyrnudeild	17
Q.	Handknattleiksdeild.....	20
R.	Körfuknattleiksdeild	23
S.	Karatedeild	25
T.	Boltafimi – eldri borgarar	25
U.	Afreksskóli Hauka	25
V.	Verklegar framkvæmdir.....	25
W.	Aðrir hópar – blak, rugby, golf, veiði	26
	Blakdeild Hauka	26
	Golf	27
	Golf-Haukar	28
	Haukur á stöng og Mokveiðideildin.....	28
	Rugby.....	28



X. Rekstrarfélag Hauka	29
Y. ÍBH	29
Z. Fjármál	29
AA. Hafnarfjarðarbær.....	30
BB. Lokaorð.....	31

Fylgiskjöl:

Ársreikningur aðalstjórnar 2015

Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf.

Ársskýrsla Aðalstjórnar Hauka starfsárið 2015

A. Inngangur

Liðið starfsár hefur verið okkur Haukum einstaklega gott þar sem saman hefur farið góður árangur íþróttafólks Hauka og verulega aukinn skilningur bæjarfulltrúa á nauðsynlegri uppbyggingu Ásvalla sem endurspeglast í því að nú hefa verið settir fjármunir til að hefja framkvæmdir við byggingu nýs íþróttasalar við Ásvelli.

Mjög góður árangur var hjá meistaraflokksliðum Hauka í handbolta og körfu s.l. vor. Meistaraflokksliðin í körfu komust bæði í 4 liða úrslit þar sem okkar kornunga karla lið var mjög nálægt því að komast í úrslit og leika um sjálfan Íslandsmeistaratitilinn. Árangur liðanna var toppaður með glæsilegum Íslandsmeistaratitli meistaraflokks karla í handbolta sem mjög er eftirminnilegur vegna frábærs stuðnings Haukafólks við liðið.

Sumarið var einstaklega gott þar sem meistaraflokkur karla í knattspyrnu hlaðinn ungum uppöldum Haukastrákum stóð sig gríðarlega vel og langt umfram væntingar og náði 4.sæti í 1.deild. Miklar vonir eru bundnar við lið Hauka í knattspyrnunni fyrir komandi sumar þar sem liðið verður nánast óbreytt fyrir komandi tímabil.

Haustið og það sem af er vetri hefur einnig verið gott og góð staða meistaraflokksliða Hauka nú með því allra besta sem þekkt í sögu Hauka. Meistaraflokkur karla og kvenna í handbolta eru í efsta og næst efsta sæti. Meistaraflokkur kvenna í körfubolta er í efsta sæti á meðan meistaraflokkur karla í körfubolta er í 4.sæti aðeins 2 stigum frá öðru sæti úrvalsdeildar. Nokkur vonbrigði voru þó um liðna helgi að hvorugt handboltaliðanna komst í úrslitaleikina um bikarinn. Einstaklega glæsileg staða meistaraflokksliða okkar Haukamanna nú, vekja vonir um gott vor. Á sama tíma er fjöldi iðkenda og leikmanna sem tekið hafa þátt í landsliðsverkefnum á árinu með því allra mesta sem gerst hefur í sögu Hauka og tóku 86 leikmenn Hauka þátt í landsliðsverkefnum á liðnu ári.

Á þessu ári höfum við Haukar fundið fyrir auknum skilningi bæjaryfirvalda á því að bæta aðstöðu Hauka að Ásvöllum sem við fögnum mjög. Nú er nýlokið endurnýjun á gervigrasi á knattspyrnuvellingum sem fyrir nokkru hefði þurft að endurnýja. Snjóbræðslulagnir undir vellingum voru einnig endurnýjaðar auk þess sem öryggissvæði utan með vellingum voru stækkuð til samræmis við núgildandi reglur. Fjöldi sjálfboðaliða Hauka unnu mikið og gott starf við endurnýjun vallarins og vil ég nota tækifærið og þakka sjálfboðaliðum Hauka fyrir frábært starf við endurnýjun knattspyrnuvallarins.

Þá sér nú fyrir endann á 10 ára baráttu Hauka fyrir því að reisa nýjan æfingasal (Ólafssal) við Ásvelli. Samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins er nú gert ráð fyrir fjármunum til að hefja bygginguna og er hönnun æfingasalarins nú að komast á fulla ferð og er stefnt að því að nýr æfingasalur verði tekinn í notkun haustið 2017.

Haukar munu halda upp á 85 ára afmæli félagsins nú í apríl. Þar er vonast til að undirbúningur byggingar nýs æfingasalar verði kominn það langt að hefja megi bygginguna, jafnframt er nú unnið að útfærslu á framtíðaruppbyggingu félagsins þ.e.s. stórbætt aðstaða til knattspyrnuíðkunar sem er forgangsmál og kynnt verður í tilefni af afmæli félagsins.

B. Aðalstjórn Hauka

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 24. febrúar í Samkomusalnum og hófst hann kl. 18. Góð mæting var venju samkvæmt. Í upphafi fundar minntist formaður fyrrum varaformanns félagsins og góðs féлага, Lofts Eyjólfsson sem lést á árinu. Risu fundarmenn úr sætum í stuttri þögn í virðingarskyni.

Kosningu í stjórn félagsins hlutu: Formaður Samúel Guðmundsson, varaformaður Þorvarður Tjörvi Ólafsson og gjaldkeri Guðborg Halldórsdóttir.

Tilnefnd af deildum félagsins.

Handknattleiksdeild: Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir

Körfuknattleiksdeild: Kjartan Freyr Ásmundsson og Gísli Sigurbergsson

Knattspyrnudeild: Jón Erlendsson og Jóhann Unnar Sigurðsson

Karatedeild: Kristján Ó Davíðsson

Almenningsþróttadeild: Anton Magnússon

Félagsráð: Bjarni Hafsteinn Geirsson

Jón Erlendsson og Jóhann Unnar hættu á árinu sem fulltrúar Knattspyrnudeildar, í þeirra stað komu Ágúst Sindri Karlsson og Jón Björn Skúlason. Síðar kom Kristján Ómar Björnsson í stað Ágúst Sindra.

Skoðunarmenn ársreiknings voru kjörin þau Ása Karen Hólm og Viðar Jónsson.

- Rekstur félagsins og hluta þess hefur á árinu verið þungur eins og undanfarin ár. Með fjölgun iðkenda frá fyrra ári og samstillts átaks stærstu deilda félagsins hefur náðst að greiða verulega niður skuldir frá liðnum árum.
- Uppbygging á Ásvöllum hefur verið fyrirferðarmikil á fundum aðalstjórnar.
- Þá hefur endurnýjun gervigrass og aðrar endurbætur á aðstöðu félagsins verið reglulega á fundum aðalstjórnar.
- Haukar og Hafnarfjarðarbær gerðu með sér tímamótasamning um rekstur á frístundaheimili sem gengið hefur einstaklega vel.
- Samþykkt var á árinu að stofna nýja blakdeild í félaginu en konur sem æfa blak fá eina æfingu eftir lokun Ásvalla auk æfinga í öðrum íþróttahúsum, þær kepptu síðan á öldungamóti í blaki.
- Þá hafa strákar sem æfa ólympískt Rugby leyfi til að nýta sér aðstöðu á knattspyrnuvelli.
- Tímaskortur til æfinga hefur verið mikið til umræðu og mikil vinna hjá aðalstjórnarmönnum farið í að vinna að því að fá fleiri tíma í íþróttahúsum bæjarins. Sú vinna hefur borið nokkurn árangur og hafa fengist nokkrir viðbótartímar á Strandgötunni þó þær lausnir hafi ekki nema að litlu leyti bjargað mesta bráðavanda félagsins. Nýtt æfingahús mun leysa vandann næstu árin.

Stjórnarmönnum í aðalstjórn er þökkuð góð störf á liðnu ári.

C. Starfsnefndir

Eftirtaldar starfsnefndir eru starfandi:

Minningar- og styrktarsjóður Hauka: Formaður Bjarni Hafsteinn Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

Orðunefnd: Formaður Hafsteinn Ellertsson, Elva Guðmundsdóttir og Sverrir Hjörleifsson.

Fulltrúar Hauka í Framkvæmdanefnd með bænum um uppbyggingu Ásvalla: Samúel Guðmundsson og Þorgeir Haraldsson. Varamaður Jón Erlendsson. Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri félagsins starfar með nefndinni.

Starfsnefnd um framkvæmdir á Ásvöllum: Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson, Gísli Sigurbergsson, Haukur Jörundur Eiríksson og Anton Magnússon.

Fulltrúar í stjórn ÍBH: Magnús Gunnarsson – til vara Samúel Guðmundsson

Afmælisnefnd v. 85 ára afmælis: Magnús Gunnarsson formaður, Ingimar Haraldsson, Anton Magnússon, Guðrún Helgadóttir og Þórunn Snorradóttir.

D. Leikjaskóli barnanna

Starfsemi skólans hefur verið með hefðbundnum hætti, þ.e. fyrir hádegi á laugardögum í tveimur aldursflokkum 2ja til 5 ára. Um 70 börn sækja skólann yfir vetrartímann sem Albert Magnússon stýrir ásamt með 3 aðstoðarmönnum.

E. Íþróttaskóli Hauka

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin níu talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar lagt var af stað í byrjun lá ekki ljóst fyrir hvernig við ætluðum að fara að því að standa við þau stóru orð að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir alla en með markvissri vinnu og með því að halda sama starfsfólkinu milli ára hefur okkur tekist að skapa íþróttaskóla sem getur staðið undir því að geta tekið á móti öllum.

Alexandra Hödd Harðardóttir og Emil Barja sáu um stjórn skólans annað árið í röð og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Knattspyrnuskólinn var kenndur í allt sumar þar sem aðsókn í hann hefur alltaf verið mikil og jókst sóknin enn meira þetta sumarið. Í júní og ágúst var boðið upp á handbolta- og körfuboltaskóla. Fyrir þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu þau sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var uppá í allt sumar.

Eins og síðustu sjö sumur buðu Haukarnir uppá námskeið í júlí fyrir börn á aldrinum 2-5 ára þegar leikskólar bæjarins fóru í frí. Það er námskeið í anda leikjaskóla barnanna og hefur það vakið mikla lukku og voru um 150 börn sem komu á þær þrjár vikur sem í boði voru. Það hafa til að mynda foreldrar úr öðrum bæjarfélögum nýtt sér enda sjaldgæft að íþróttafélög bjóði uppá námskeið fyrir þennan aldurshóp að sumri til. Fengu við mikið lof og hrós fyrir námskeiðið og foreldrar voru mjög sáttir með þetta framtak.

Fyrir tveim árum var ákveðið að bjóða upp á handbolta- og körfuboltaæfingar fyrir krakka á aldrinum 12-16 ára seinni partinn (milli 16-18). Það var ákveðið að halda áfram með þessar æfingar þar sem margir iðkendur á þessum aldri eru byrjaðir að vinna á daginn og því er þessi tími tilvalinn til að sem flestir geti mætt. Þessar æfingar er tilvaldar til að halda í við

afreksstarf sem er í gangi hjá Haukum og gerir iðkendum kleift á að æfa aukalega yfir sumarið. Þetta hentar einnig mjög vel þar sem mikið af yngra starfsfólkinu okkar mætti á þessar æfingar og fór því á æfingu beint eftir vinnu.

Starfsmenn Íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Sverrir Þór Sverrisson vallarstjóri Hauka stjórnaði því verkefni og gekk það með þryði og sjaldan hefur það gengið eins vel og síðasta sumar.

Haldið í horfinu

Sumarið 2015 varð bæði fjölgun á börnum og yngri starfsmönnum en þeir voru alls 100 í sumar. Veðrið setti nokkurt strik í reikninginn því sumarið var eitt það blautasta í manna minnum og þurfti því Íþróttaskólinn nokkrum sinnum í sumar að flýja inn sökum veðurs.

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið þar sem það hafði staðið í stað í nokkur ár og eftir sumarið 2014 gerðum við óformlega könnun á verðlagi hjá öðrum félögum og komumst að því að við vorum þó nokkuð ódýrari en önnur félög. Það var þó ákveðið að stilla hækkunum í hóf og hækkaði hálf vika úr 4000 kr í 5000 kr og heill dagur með hádegismat úr 8000 kr í 10.000 kr. Þetta var að okkar mati mjög sanngjörn hækkun í ljósi hækana í samfélaginu og heyrðust engar gagnrýnisráðir.

Skráningar í ár voru 860 á móti 900 sumarið á undan sem gerir 5% fækkun frá því sumrinu áður. Það er þó góð skýring á því en sumarið hjá okkur í ár var aðeins níu vikur í staðinn fyrir tíu sumarið á undan sem helgaðist af því að framhaldsskólar byrjuðu viku fyrr og því ekki starfsfólk til að vinna síðustu vikuna í ágúst og var henni því sleppt. Meðalfjöldi iðkenda á viku sumarið 2014 voru 90 en sumarið 2015 voru það 96 það má því sjá að um aukningu á iðkendum var að ræða. Þessi aukning gerir okkur möguleika á að ráða fleira starfsfólk og gefa þar af leiðandi ungu fólki möguleika á að vinna fyrir íþróttafélagið sitt. Starfsmenn íþróttaskólans voru nákvæmlega 100 þetta sumar á móti 94 starfsmönnum í fyrra. Það mætti samt sem áður bæta við starfsmönnum í aldursflokknum 21+ ára og 18-20 ára því að það þarf aukningu í þeim aldurshópi í takt við aukningu á barnafjölda.

Nýir yfirmenn voru á flestum námskeiðum þetta sumar. Yfir knattspyrnuskólanum var Andri Rafn Ottesen en Andri hefur starfað við þjálfun hjá yngri flokkum Hauka í nokkur ár. Yfir Körfuboltaskólanum var Andri Freysson og yfir handboltaskólanum var Adam Haukur Baumruk sem er í meistaraflokki Hauka í handbolta. Yfir íþróttaleikskólanum og fjölgreinaskólanum var Erna Rós Sigurjónsdóttir. Erna Rós er með B.S. gráðu í íþrótt- og heilsufræði frá Háskóla Íslands og starfaði sem forstöðumaður Frístundaheimilis Hauka frá 2014-2015. Það var mjög gott að fá þessa einstaklinga til starfa en þeir eru fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu. Þau stóðu sig einnig öll frábærlega og það ætti tvímælalaust að fá þau aftur að ári.

Íþróttaskólinn skiptist í þrjá hluta.

Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2-16 ára

Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum

Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttþjálfun fyrir börn á aldrinum 5-12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki síður mikilvægt væri fyrir okkur að hlúa vel að unga fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglingunum í 8.-10. bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Þessi hópur fólks stækkar sífellt og á tímum mikils atvinnuleysis eykst þörfin fyrir að taka vel á móti þessum hópi og finna þeim krefjandi verkefni. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðin 9 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.-9. sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfa upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

Námskeiðin

Í íþróttaskólanum sumarið 2015 buðum við upp á eftirfarandi námskeið:

Fótboltaskóli (5-12 ára) ½ dagur (starfræktur allt sumarið)

Körfuboltaskóli (5-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)

Handboltaskóli (5-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)

Íþróttaleikskóli (2-5 ára) (starfræktur í júlí)

Fjölgreinaskóli (5-12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)

Sumaræfingar í körfubolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)

Sumaræfingar í handbolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00-09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi:

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnanna til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðin fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

09:00-10:15	Prógramm 1
10:15-10:45	Nesti
10:45-12:00	Prógramm 2
12:00-13:00	Hádegismatur
13:00-14:15	Prógramm 3
14:15-14:45	Nesti
14:45-16:00	Prógramm 4

Yfirlit yfir starfsemina

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sýna metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar.

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2-16 ára
Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2-5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12-16 ára
Gras sláttur
Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Meðfram vallarhúsi.
Áhorfendastæði
Beðahreinsun
Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús
Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
Verk í aðalhúsi
Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði
Móttaka
Tiltekt í áhaldageymslunni
Þrif á harpix af rimlum og mörkum
Vallarhús
Þrif á klósettum, sturtum, klefum, móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni
Útisvæði
Þrif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Þrif á bílastæði

Mötuneyti Íþróttaskólans var rekið eins og undanfarin ár í samvinnu við Skólamat. Framreiddur voru 1006 matarskammtar fyrir Íþróttaskólann auk þess sem Boltaskóli LUKA keypti 883 matarskammta fyrir sitt fólk.

Samantekt

Eftir níu sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi við allra hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða uppá eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Okkar skoðun er sú að við getum fyllilega staðið við það verð sem við buðum í sumar og það var rétt ákvörðun hjá okkur að hækka verðið.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn. Það sem við þurfum að gera betur fyrir næsta sumar/næstu sumur er að fara í öflugra markaðsstarf og auglýsa það góða sem við erum að gera.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sem sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks frammistöðu.

Eftir að hafa unnið sjö sumur af níu í Íþróttaskólanum og byrjað sem 16 ára leiðbeinandi fyrsta sumarið sem Íþróttaskólinn byrjaði og endað sem yfirmaður Íþróttaskólans er komið að því að Alexandra Hödd hætti. Hún mun samt hjálpa þeim sem taka við keflinu að komast inn í þau verkefni sem hún hefur séð um síðastliðin ár. Emil Barja mun að öllum líkindum halda áfram og mun hann vonandi fá einhvern af þeim flottu starfsmönnum sem við vorum með þetta sumarið sér til halds og trausts yfir námskeiðin.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra !

Iðkenndatölur Íþróttaskóla Hauka 2015

Vika 1

Knattspyrnuskóli	62
Handboltanámskeið	17
Körfuboltanámskeið	16
Fjölgreina Fyrir hádegi	22
Fjölgreina eftir hádegi	42

Vika 2

Knattspyrnuskóli	51
Handboltanámskeið	20
Körfuboltanámskeið	17
Fjölgreina Fyrir hádegi	19
Fjölgreina eftir hádegi	48

Vika 3

Knattspyrnuskóli	46
Handboltanámskeið	12
Körfuboltanámskeið	12
Fjölgreina Fyrir hádegi	14
Fjölgreina eftir hádegi	27

Vika 4

Knattspyrnuskóli	39
Handboltanámskeið	6
Körfuboltanámskeið	10
Fjölgreina Fyrir hádegi	21
Fjölgreina eftir hádegi	34

Vika 5

Knattspyrnuskóli	26
Fjölgreinaskóli	24
Íþróttaleikskóli	59

Vika 6

Knattspyrnuskóli	23
Fjölgreina Fyrir hádegi	18
Íþróttaleikskóli	49

Vika 7

Knattspyrnuskóli	14
Fjölgreina Fyrir hádegi	12
Íþróttaleikskóli	36

Vika 8

Knattspyrnuskóli	18
Handboltanámskeið	8
Körfuboltanámskeið	16
Fjölgreina Fyrir hádegi	5
Fjölgreina eftir hádegi	11

Vika 9

Knattspyrnuskóli	34
Handboltanámskeið	16
Körfuboltanámskeið	20
Fjölgreina Fyrir hádegi	18
Fjölgreina eftir hádegi	32

Úr ársskýrslu Íþróttaskólans

F. Frístundaheimili Hauka

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Segja má að veturinn 2014-2015 hafi verið prófsteinn á hvort starfsemi frístundaheimilis að Ásvöllum myndi festa sig í sessi sem skref í bættri þjónustu í nærumhverfi Knattspyrnufélagsins Hauka. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólastarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel, þrátt fyrir að ekki náðust samningar við Hafnarfjarðabæ skólaárið 2014-2015. Var því rekstur frístundaheimilisins alfarið á höndum félagsins án stuðnings frá Hafnarfjarðarbæ. Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar fylgdust vel með þessum fyrstu skrefum í rekstrinum og í sumarbyrjun hófust viðræður við Hafnarfjarðarbæ um þjónustu- og samstarfssamning um rekstur frístundaheimilisins. Það var síðan þann 9. september 2015 sem undirritaður var samningur milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar. Markmið samningsins er að efla möguleika bæjarbúa til að velja um frístundaúrreiði fyrir börn á aldrinum sex til níu ára, eftir að skóla lýkur á daginn og gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka frístundaheimili með stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ. Skal starfsemi frístundaheimilis Knattspyrnufélagsins Hauka miðast við samþykktir bæjarráðs og lög og reglugerðir varðandi aðbúnað og velferð barna

Með undirritun samningsins má segja að nú sé Haukum fært að skipuleggja starf frístundaheimilisins með öruggari og betri hætti og skapa aðstæður sem eru ásættanlegar fyrir börnin og starfsfólk frístundaheimilisins. Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu.

Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir grunnskólanemendur í 1. til 3. bekk grunnskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00, virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

Um síðastliðin áramót voru börnin orðin liðlega 40 að tölu. Veturinn 2014-2015 veitti Erna Rós Sigurjónsdóttir, B.S. í íþróttá- og heilsufræði, frístundaheimilinu forstöðu, en frá liðnu hausti er forstöðumaður Íris Óskarsdóttir, B.S. í Tómtunda- og félagsmálafræði. Auk Írisar starfa 3 aðrir starfsmenn við rekstur frístundaheimilisins.

G. Barna- og unglíngaráð

Haukar leggja mikla áherslu á að bjóða upp á vandað og fjölbreytt íþróttastarf sem er allt í senn faglegt, félagslegt og fjölskylduvænt. Það er skýrt markmið félagsins að barna- og unglíngastarf þess sé faglega í fremstu röð og þar skipi hæfir og metnaðarfullir þjálfarar allar stöður, góða aðstaða, skýr markaðssetning og traust umgjörð veigamikinn sess. Starf yngri flokka á um leið að vera félagslega miðað þannig að iðkendur njóti þess að taka þátt í starfinu. Loks vilja Haukar veraspennandi valkostur fyrir hafnfirskar fjölskyldur að verja frítíma sínum saman og félagið leitast við að láta tímasetningar æfinga og gjalddöku taka mið af aðstæðum fjölskyldna eftir megni. Æfingagjöld hafa verið lækkuð og frístundaheimili starfrækt sem miklar vonir eru bundnar við að geti vaxið og orðið til þess að auðvelda fjölskyldum að sameina íþróttþátttöku barna við skólagöngu þeirra og auknar samvistir fjölskyldna utan vinnutíma þeirra.

Brýnasta úrlausnarefni Barna- og unglíngaráðs félagsins er að vinna bug á ófullnægjandi aðstöðu bæði innanhúss sem utan. Núverandi húsakostur er því miður langt frá því að duga fyrir núverandi umfang starfseminnar og aðstaða knattspyrnunnar stends engan veginn samanburð við önnur félög. Nú hillir samt undir úrbætur því ákveðið hefur verið að hefja byggingu viðbótarsalar sem lýkur eru á að verði tekinn í notkun 2017 og mun leysa úr brýnni þörf.

Nokkur fortíðar fjárhagsvandi hefur truflað starfsemina en í haust var farið í áttak til að eyða þessum gömlu skuldum og munu þær senn úr sögunni.

H. Skákdeild

Æfingar eru einu sinni í viku fyrir yngri skákmenn og byrjendur. Þjálfari deildarinnar er Páll Sigurðsson. Rúmlega 50 fyrirtæki taka þátt í hinni árlegu firmakeppni deildarinnar sem jafnframt er helsta fjáröflunarleið deildarinnar. Sveitir frá deildinni eru þátttakendur á Skákþingi Íslands.

Formaður deildarinnar er Ragnar Árnason.

I. Öldungaráð Hauka

Aðalfundur Öldungaráðs Hauka var haldinn 2. september sl. Þá voru liðin 25 ár frá stofnun ráðsins sem starfað hefur óslitið síðan. Eitt af markmiðum ráðsins hefur verið að styrkja félagið með einum eða öðrum hætti. Framlög og styrkir til hinna ýmsu verkefna hafa á þessu tímabili numið um 1 milljón króna. Fastir liðir í starfseminni hafa verið hin mánaðarlegu spilakvöld og skemmtiferð að vori. - Ógleymanleg ferð var farin í júní á söguslóðir Hvalfjarðar og uppsveita Borgarfjarðar.

Á aðalfundinum var ný stjórn kjörin en hana skipa: Jóhanna Axelsdóttir formaður, Ásdís Konráðsdóttir, Erna Mathiesen, Ragnar Árnason og Ragnheiður Sigurðardóttir meðstjórnendur.

J. Íþróttahátíð Hauka

Hann var bjartur og fallegur síðasti dagur ársins þegar Haukafélagar fjölmenntu í Íþróttamiðstöðina til að krýna besta íþróttafólk ársins.

Besta íþróttakona ársins – tilnefningar:

Auður Íris Ólafsdóttir körfuknattleikskona
Elín Jóna Þorsteinsdóttir handknattleikskona
Eva Ósk Gunnarsdóttir karatekona
Hildigunnur Ólafsdóttir knattspynukona

Íþróttakona ársins 2015 Auður Íris Ólafsdóttir

Besti íþróttamaður ársins – tilnefningar:

Björgvin Stefánsson knattspyrnumaður
Gedrius Morkunas handknattleiksmaður
Karl Rúnar Þórsson hlaupari
Máni Hrafn Stefánsson karatemaður

Íþróttamaður ársins 2015 Gedrius Morkunas

Besti þjálfari ársins – tilnefningar:

Kristján Ó Davíðsson karate
Luka Kostic knattspyrna
Marel Örn Guðlaugsson körfuknattleikur
Óskar Ármannsson handknattleikur

Besti þjálfari ársins 2015 Óskar Ármannsson

Kynning fór fram á 92 ungmönnum sem tekið höfðu þátt í verkefnum á vegum hinna ýmsu landsliða Íslands. Glæsilegur hópur sem hyltur var af fjölmörgum gestum hátíðarinnar. Hátíðinni lauk síðan með veisluhlaðborði aðalstjórnar.

K. Getraunaleikur Hauka

Mikil gróska er í getraunastarfinu. Rúmlega 30 lið taka þátt og hittast menn á laugardögum og eiga stund saman yfir kaffibolla og léttu spjalli. Keppt er í vorleik og haustleik - uppskeruhátíð vor og haust með veglegum verðlaunum.

L. Minningar- og styrktarsjóður Hauka

Engir styrkir voru greiddir á árinu. Stjórn sjóðsins skipa: Bjarni Hafsteinn Geirsson formaður, Björg Guðmundsdóttir og Katrín Jónsdóttir.

M. Félagsráð Hauka

Félagsráð hefur m.a. haft á hendi innheimtu árgjalda og sem hafa að mestu runnið til Barna- og unglingsráðs félagsins til styrktar erfiðum fjárhag.

N. Haukar í horni – stuðningsmenn

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnað 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins og er í dag sameiginlegur styrktaraðili félagsins. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingsstarf og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðalegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

- **Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað**
- **Að styðja félagið í blíðu og stríðu**
- **Að halda úti öflugum meistaraflokkum**
- **Að vera leiðandi í öflugu innra starfi**

O. Almenningsíþróttadeild

Inngangur

Almenningsíþróttadeild Hauka hefur vaxið og dafnað í gegnum árin. Styrkur okkar liggur þó án vafa í grasrótinni eins og hin fyrri ár. Kjarni Almenningsíþróttadeildar er venjulegt fólk sem vill hittast í góðum félagsskap og efla andann um leið og það stundar heilnæma heilsurækt.

Tilgangur og markmið

Tilgangur deildarinnar er að efla íþróttaiðkun meðal almennings í Hafnarfirði og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna.

Núverandi stjórn er þannig skipuð:

Hreiðar Júlíusson meðstjórnandi

Díana Harpa Ríkarðsdóttir gjaldkeri

Rannveig Hafberg meðstjórnandi

Sigríður Kristjánsdóttir varaformaður

Anton Magnússon formaður

Helstu verkefni Skokkhópsins á árinu 2015: Árið byrjaði að vanda með mjög flottu byrjendanámskeiði undir styrkri stjórn Sigríðar Kristjánsdóttur og hennar þjálfunarteymi. Rúmlega 60 manns mættu á fyrstu byrjendaæfingar vorsins og þóttu þessi námskeið vel heppnuð. Nokkur áherslubreyting er þó framundan í byrjendanámskeiðunum með það að markmiði að þróa námskeiðin enn frekar og mæta þörfum sem flestra nýliða.

Önnur verkefni voru: **Styrktarhlaup Hauka** sem var hlaupið í mars en þar buðum við öllum sem vildu að mæta á opna æfingu gegn vægu gjaldi. Það sem safnaðist rann óskipt til

tvíbúrasysturanna Sonju Óskar og Þórunnar Bjarkar en þær hafa glímt við íllvígán sjúkdóm undanfarin ár. Að þessu sinnu söfnuðust um 100 þúsund kr. og hlaupið þótti takast með afburðum vel. Deildin bætti svo örliðu við og systrunum var því afhent 120 þúsund krónur. **Afmælishlaup Hauka**, 12. apríl, var heldur í mýkri kantinum þetta árið og töluvert færri þátttakendur. Þetta hlaup hlaup þarf klárlega að efla og tengja það enn frekar yngri Haukurum og öðrum deildum félagsins.

Hvítasunnuhlaup HAUKA var haldið í þriðja skipti um Hvítasunnuna 2015. Um 320 manns hlupu Hvítasunnuhlaupið og er það veruleg aukning frá árinu á undan þegar um 200 manns hlupu. Allir bestu hlauparar landsins komu og tóku þátt að vanda. Hlaupið heppnaðist í alla staði frábærlega og verður án vafa í hópi bestu hlaupa ársins. „Krefjandi, falleg leið og utanumhaldið frábært“ voru meðal ummæla sem við fengum að hlaupi loknu. Verðlaunaafhendingin var færð í íþróttasalinn og varð sú umgjörð mun faglegri og skemmtilegri. Við höfum nú þegar tekið næstu skref í að þroska og þróa þetta frábæra hlaup. Mun fleiri tengingar við erlendar hlaupasíður og þéttari almenn kynning mun án vafa fjölga erlendum hlaupurum.

Til þess að svona hlaup takist og sé hreinlega framkvæmanlegt verður að kalla til marga sjálfbóðaliða og styrktaraðila.

Aðalstyrktaraðilinn okkar Asics/Sportís studdi gríðarlega vel við hlaupið. Svo vel hefur þetta samstarf gengið að þeir ætla að koma enn kröftugar inn í næsta hlaupi. Ekki má gleyma öðrum styrktaraðilum eins og Eimskip, Samskip og Fasteignasölunni Ás en þessi fyrirtæki hafa stutt þetta hlaup frá upphafi.

Við hlaupum erlendis annað hvert ár og því var engin hópferð til útlanda þetta árið en við vorum þess duglegri við innlendu hlaupin. **Reykjavíkur Maraðon** var á sínum stað, en um 60 félagar hlupu undir merkjum Hauka í Reykjavíkur Maraðoni 2015 sem er litlu færra en árinu á undan. Við áttum föngulegan hóp **Laugavegshlaupara** þetta árið og var sérstök unun að sjá fólk koma í mark í Þórsmörk alsælt en þreytt. Þarna var uppskorið eftir langar og strangar æfingar sumarsins. Við fjölmenntum líka í **Snæfellshlaupið** og þótti sú ferð með eindæmum skemmtileg, reyndar svo skemmtileg að stefnt er að enn stærri hópferð 2016.

Vormaraþonið, Kvannahlaupið, Jónsmessuhlaupið, Kaldárbotnahlaupið og Flensborgarhlaupið voru svo á sínum stað að vanda. Flensborgarar óskuðu eftir aðstoð og samvinnu um Flensborgarhlaupið og að sjálfsögðu var það auðsótt mál eins og undanfarin ár.

Enn á ný stóðum við fyrir **Kirkjuhlaupi** á öðrum degi jóla. Þetta stórskemmtilega verkefni vex og stækkar með hverju ári. Að vanda buðum við okkar helstu nágrönnum að hlaupa með okkur. Við fengum hlaupara frá FH, Stjórnunni, Álftanesi, Breiðablik, Fjölni, Frískum Flóamönnu, Víkingum og Val svo einhverjir hópar séu nefndir. Margföldun varð á fjölda hlaupara, kirkjan þétt setin og fullt fram á gang. Staðfestar tölur um fjölda hlaupara eru nokkuð á reiki en þó er ljóst að fjöldinn liggur á milli 200 og 220 manns sem er helmings fjölgun frá árinu á undan. Við afhentum Sr. Kjartani innrammaða mynd frá árinu á undan. Sigurjóni hirðljósmyndara hópsins tókst með eindæmum vel að fanga stemminguna í hlaupinu og því þótti tilvalið að færa prestinum eina af þessum dásamlegu myndum.

Að venju lukum við svo árinu með okkar frábæra **Gamlárshlaupi Hauka**. Búningarnir voru að vanda alsráðandi og varla nokkur maður í hlaupagallanum einum fata.



Undanfarin ár hefur Skokkhópur HAUKA verið með tvö róðrarlið á Sjómannadaginn. Töluverð breyting varð á því þetta árið. Karlaliðið gagnaði en kröftugt kvennalið mætti til leiks og stýrði sínum bát með sóma til sigurs.

Skokkhópur Hauka var mjög virkur í íslensku hlaupasamfélagi árið 2015. Að vanda þvældust okkar félagar út allt land að taka þátt í hlaupum., Hamarshlaupið, Gullspretturinn, Snæfellshlaupið, Ármannshlaupið, Vormaraþonið, Haustmaraþoni, Vesturgatan ofl. ofl. Við vorum að vanda vel sýnileg og virk þetta árið. Vetrarstarfið hefur verið einstaklega farsælt og við átt stóran hóp í Powerade hlauparöðinni og marga í og við verðlaunasæti.

Æfingar eru 3 x í viku. mánudaga og miðvikudaga kl. 17:30 og svo laugardaga kl. 10:00. Með hækkandi sól breyttum við laugardagsæfingunni til 09:00 og gefst það vel.

Á haustmánuðum keyptum við okkur tíma inni í frjálsíþróttahöllinni uppi í Kaplakrika. Þessar fimmtudags æfingar hafa tekist með eindæmum vel og engin vafi er í mínum huga að við munum uppskera ríkulega með vorinu.

Íþróttafólk ársins: Elísabet Rós Birgisdóttir og Karl Rúnar Þórsson voru valin Íþróttamenn Almenningsíþróttadeildar Hauka 2015. Jón Ragnar Gunnarsson og Fjóra Haraldsdóttir voru svo valin nýliðar ársins. Við veittum þeim viðurkenningar á uppskeruhátíðinni okkar og Elísabet og Karl voru svo okkar fulltrúar við hátíðlega athöfn á Gamlársdag að venju.

Veraldarvefurinn: Almenningsíþróttadeildin hefur haldið úti bloggsíðu undanfarin ár. Við kusum ritnefnd til að halda utanum þessa síðu og allar þær myndir sem tilheyra okkur. Ritnefndin stóð sig með sóma og þakka ég þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf. Þetta er afar þarft starf en vert er að minna félagar á að það er algerlega undir okkur komið að koma pistlum og myndum inn á síðuna ef síðan á að vera lifandi og skemmtileg.

Fésbókin hefur að vanda verið mikið notuð til almennra samskipta og einnig til að minna á æfingar. Póstlistinn okkar er óspart notaður að venju.

Rekstur deildarinnar: Rekstur deildarinnar er með miklum ágætum. Eigið fé nokkurt og engar útistandandi skuldir. Helsta tekjulind deildarinnar var Hvítasunnuhlaupið. Næstu ár er það svo okkar verkefni að þetta hlaup vaxi og dafni enn frekar okkur til sóma.

Annað: Þroski og þróun deildarinnar takmarkast eingöngu við elju og framsýni félaganna. Við vorum dugleg við að styðja hvort annað á síðasta hlaupaári. Sjálfboðastarf, aukahlaup, smá party, heiti potturinn, allt er þetta til þess að gera deildina sterkari og okkur samheldnari. Félagslegi þátturinn var eflur, við fórum í Heiðmerkurhlaup með grilli og gleði. Fjölskylduhátíð sem tókst einstaklega vel var haldin síðsumars. Fullt af börnum og ungvíði félagsmanna mætti og skemmti sér konunglega. Konukvöldi Hauka voru gerð góð skil og Karlakvöldið fékk sinn skerf. Félagið, deildin og ekki síst við sem einstaklingar vöxum og döfnum undir hvatningu og jákvæðni félaganna.

Að lokum:

Einhverjir nefndarmeðlimir hafa óskað eftir að láta af nefndarstörfum frá og með þessum fundi. Við þökkum þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Nú er það undir ykkur komið að fylla í þessi skörð.

Nú er það undir ykkur komið að móta deildina. Nú er það undir ykkur komið að við vöxum og döfnum áfram næsta árið.

Nú göngum við til kosninga í nefndir og stjórn og munið að það að sitja í nefnd eða stjórn er afar gefandi og þýðir að þú hefur bein áhrif á í hvaða átt hópurninn fer. Margar hendur vinna létt verk og framþróun og þroski hópsins er í ykkar höndum.

Þitt er að hafa áhrif!

Viðbætur að loknum aðalfundi deildarinnar 2. feb. 2016:

Engar breytingar voru gerðar á stjórn deildarinnar. Öll stjórnin bauð sig fram aftur og fékk glimmrandi lófataks-kosningu:

Díana Harpa Ríkarðsdóttir

Rannveig Hafberg

Hreiðar Júlíusson

Sigríður Kristjánsdóttir

Anton Magnússon

Áfram er unnið með nefndarfyrirkomulag síðasta árs þar sem það gafst einstaklega vel.

Nefndir innan Almenningsíþróttadeildar eru því sem hér segir:

Innanlandshlaupanefnd

Utanlandshlaupanefnd

Ritnefnd

Skemmtinefnd

Nýtt ár, nýjar áskoranir, ný tækifæri!

Úr ársskýrslu Almenningsíþróttadeildar

P. Knattspyrnudeild

Knattspyrnusumarið 2015 gekk vel þar sem meistaraflokkar félagsins tefldu fram ungum og efnilegum leikmönnum. Yngri flokkar félagsins áttu ágætu gengi að fagna í ýmsum mótum þar sem 3. flokkur kvenna komst meðal annars í úrslitaleik bikarkeppninnar. Fjöldi yngri iðkenda tók þátt í landsliðsæfingum á árinu. Má nefna Björgvin Stefánsson, leikmann meistaraflokks, sem tók þátt í verkefni með U21 landsliði Íslands og Alexöndru Jóhannsdóttur sem tók þátt í verkefnum með U17 liðinu.

Í byrjun september var farið í endurnýjun á gervigrasi knattspyrnuvallarins, sem svo sannarlega var kominn tími á, og tíminn fram í nóvember einkenndist af aðstöðuleysi fyrir iðkendur þar sem framkvæmdin tók í heildina rúma tvo mánuði og í framhaldinu snjóaði mikið og því ekki góðar aðstæður til knattspyrnuíðkunar á Ásvöllum. Því var oft brugðið á það ráð að hafa annars konar æfingar fyrir yngri iðkendur, t.d. útihlaup, sund og svo félagslega atburði eins og að fara í keilu o.s.frv. Leigðir voru tímar í Reykjaneshöllinni til að brúa bilið sem iðkendur og foreldrar voru mjög ánægð með.

Ljóst er að nýtt gervigras er mikill ávinningur fyrir iðkendur í knattspyrnudeild Hauka en að sama skapi hefur þörfin fyrir knattspyrnuhús á Ásvöllum aldrei verið meiri. Knattspyrnudeild



Hauka er fjölmennasta deild félagsins og þar sem Haukar eru staðsettir við eitt stærsta og nýjasta íbúahverfi Hafnarfjarðar, ásamt því að margir iðkendur félagsins koma einnig m.a. úr Áslandi, Hvammahverfi og af Holtinu, þá þarf að reisa knattspyrnuhús hið fyrsta. Haukar þurfa að vera samkeppnishæfir við nágrannafélög og keppinauta hvað aðstöðu varðar.

Meistaraflokkur kvenna

Markmið meistaraflokks kvenna fyrir sumarið voru að komast í úrslitakeppni 1. deildar og freista þess að ná sæti í Pepsí deild kvenna. Því miður náðust þau markmið ekki. Í stað tveggja riðla keppni eins og áður var nú ákveðið að vera með þrjá riðla og þar sem okkar lið komst ekki í úrslitakeppnina lék liðið aðeins 10 leiki sem er að sjálfsögðu ekki bjóðandi leikmönnum í meistaraflokki. Okkar stúlkur enduðu í fjórða sæti A riðils 1. deildar með 13 stig.

Hildigunnur Ólafsdóttir var valin besti leikmaður sumarsins og Katrín Hanna Hauksdóttir var valin efnilegust en þess má geta að hún var aðal markvörður liðsins þrátt fyrir að vera aðeins 15 ára gömul. Katrín Hanna tók þátt í landsliðsverkefni með U17 síðasta sumar.

Þjálfari liðsins síðustu tveggja ára, Kristján Arnar Ingason, lét af störfum í lok tímabils sem og aðstoðarþjálfari liðsins, Friðrik Egilsson. Knattspyrnudeild Hauka þakkar þeim fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf síðastliðin ár.

Nýr þjálfari meistaraflokks kvenna, Kjartan Stefánsson, var ráðinn sl. haust og honum til aðstoðar er Jóhann Unnar Sigurðarson.

Miklar væntingar eru gerðar til meistaraflokks kvenna á komandi keppnistímabili þó svo að liðið verði að miklu leyti skipað ungum og efnilegum leikmönnum sem eru enn gjaldgengar í 2. flokki og jafnvel 3. flokki.

Meistaraflokkur karla

Keppnistímabilið 2015 í meistaraflokki karla verður lengi í minnum haft vegna þess að Haukar tefldu fram að mestu uppöldum leikmönnum og jafnframt sínu yngsta liði hingað til þar sem meðalaldur leikmanna var 21,6 ár.

Fyrir tímabilið tók Luka Kostic við þjálfun meistaraflokks og honum til aðstoðar Þórhallur Dan Jóhannsson en þeir höfðu áður þjálfað 2. flokk félagsins við góðan orðstír þar sem flokkurinn vann sig m.a. upp í A riðil.

Þeir Luca og Þórhallur tóku við keflinu af Sigurbirni Erni Hreiðarssyni sem við þökkum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og ánægjulegt samstarf.

Í spá þjálfara og fyrirliða í 1. deild fyrir tímabilið 2015 var Haukum spáð 9. sæti en raunin varð önnur þar sem okkar strákar enduðu í 6. sæti og Björgvin Stefánsson var valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar ásamt því að vera markahæstur með 20 mörk í 22 leikjum.

Haukar spiluðu 22 leiki; unnu 10, gerðu 4 jafntefi og töpuðu 8 sem gaf þeim 34 stig. Á tímabilinu 2015 fengu 28 leikmenn að spila.

Björgvin Stefánsson var valinn besti leikmaður meistaraflokks karla og Knattspyrnumaður Hauka 2015 en hann var einnig markahæsti leikmaður 1. deildar í sumar. Daníel Snorri Guðlaugsson var valinn efnilegasti leikmaður meistaraflokks karla en hann vakti mikla athygli fyrir stöðugleika og baráttu en hann var að stíga sín fyrstu spor í meistaraflokki.

Það var afar gaman að fylgjast með okkar strákum í meistaraflokki síðastliðið sumar þar sem stuðningsmenn sáu liðið þroskast vel yfir sumarið og eflast við ýmsar raunir. Það verður því afar spennandi að sjá hvernig okkar drengir mæta til leiks næsta sumar reynslunni ríkari eftir það síðasta.

Barna- og unglिंगastarf

Endurnýjað barna- og unglingaráð, sérstaklega karla megin, tók til starfa hjá félaginu um mitt sumar og lá þá strax fyrir að forgangsverkefni voru að tryggja áframhaldandi samninga við þjálfara, vinna að aðstöðumálum og skipulagi í yngri flokkum knattspyrnudeildarinnar. Knattspyrnudeild Hauka hefur um árabil lagt mikla áherslu á að innan deildarinnar starfi öflugir þjálfarar sem búi yfir menntun frá KSÍ. Það hefur nú þegar skilað ungum og efnilegum leikmönnum upp í meistaraflokka félagsins og munum við halda á sömu braut. Næsta skref er að tryggja betri æfingaaðstöðu sem knattspyrnuhús myndi án efa gera eins og áður greinir.

Barna- og unglिंगastarf – Stúlkur

Keppnistímabilið 2015 þjálfaði Andri Rafn Ottesen 6. og 7. flokk, ásamt því að taka við 8. flokki í lok sumars, Helga Helgadóttir 5. flokk, Bjarni Pálmason 4. flokk og Friðrik Egilsson 3. flokk. Eins og áður segir þá stóð 3. flokkur kvenna sig vel í bikarkeppninni og komst í úrslitaleikinn. Ljóst er að margar efnilegar stelpur eru að koma upp úr yngri flokkunum og munu þær væntanlega banka á dyrnar hjá meistaraflokki á komandi keppnistímabili.

Í lok tímabilsins var ljóst að miklar breytingar yrðu á þjálfarteymi kvennaflokkanna fyrir keppnistímabilið 2016-2017 þar sem þrír öflugir og reyndir þjálfarar, þau Kristján Arnar, Friðrik og Helga höfðu öll ákveðið að söðla um og hverfa til annarra starfa auk þess sem komið var að starfslokum hjá Bjarna Pálmasoni í þjálfun 4. flokks. Þökkum við þessum þjálfurum fyrir vel unnin störf og óskum við þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Stúlkurnar okkar tóku þátt í fjölda móta en auk Íslandsmóts má nefna frábær mót á borð við Síamótið, Landsbankamótið á Sauðárkróki, Pæjumót í Eyjum og Arion banka mótið í Víkinni. Stúlkurnar stóðu sig með þryði og ljóst að við Hauka-fólk þurfum ekki að kvíða framtíðinni ef rétt er haldið á spöðunum.

Fyrir lá að eitt mikilvægasta verkefni haustsins fælist í að finna hæfa þjálfara til að taka við keflinu og halda áfram uppbyggingarstarfinu. Í þjálfarteymi meistaraflokks kvenna voru ráðinir þeir Kjartan Stefánsson og Jóhann Unnar Sigurðsson honum til aðstoðar eins og áður greinir. Jóhann Unnar mun jafnframt stjórna leikjum endurvakins 2. flokks kvenna en æfingar meistaraflokks og 2. flokks eru sameiginlegar. Við 3. flokknum tók Árni Ásbjarnarson og við þjálfun 4. flokks voru ráðnar þær Fanný Yngvadóttir og Hrönn Guðmundsdóttir. Við 5. flokki tók Eyþór Bjarnason en Andri Rafn hélt áfram starfi sínu við þjálfun yngstu flokkanna. Miklar

væntingar eru bundnar við störf þessara nýju þjálfara og er vonast til að ráðning þeirra feli í sér bæði kraft og ferskleika.

Barna- og unglingastarf – Drengir

Keppnistímabilið 2015 þjálfuðu Snorri Már Jónsson og Árni Hjörvar Hilmarsson 2. flokk drengja sem er með um 40 iðkendur. Í 3. flokki er Andrés Andrésón þjálfari en á haustmánuðum hætti Árni Hjörvar að þjálfar 3. flokk og er Salih Heimir Porca kominn inn sem þjálfari í flokkinn. Í 4.flokki er Freyr Sverrisson aðalþjálfari og er Viktor Ingi Sigurjónsson honum til aðstoðar. Freyr Sverrisson er aðalþjálfari í 5. flokki og honum til aðstoðar eru Viktor Ingi Sigurjónsson, Einar Karl Ágústsson og Árni Hjörvar Hilmarsson. Í 6. Flokk er Freyr Sverrisson aðalþjálfari og eru Einar Karl og Viktor Ingi honum til aðstoðar. Í 7. flokk er Einar Karl aðalþjálfari og er Elmar Elí Arnarson honum til aðstoðar. Í 8.flokki er Einar Karl aðalþjálfari og er Andri Scheving honum til aðstoðar.

Í yngri flokkum drengja árið 2015 var mikið líf og margir iðkendur. Keppnisfyrirkomulag var hefðbundið, þ.e. þátttaka í Faxaflóamóti, Íslands- og pollamótum eftir flokkum og árstíðum. Árangur var almennt með ágætum og sigruðu t.d. tvö lið sinn riðil í Faxaflóamótinu í 5. flokki og komust í úrslit á Íslandsmótinu. 7.flokkur fór á Norðurálmót og Króksmót og komu heim með bikara frá báðum mótum. Þá tóku ýmsir drengir þátt í landsliðsæfingum þannig að framtíðin er björt.

Á haustmánuðum var ákveðið að gera markmannsþjálfun hærra undir höfði hjá félaginu og var Sævar Júlíusson ráðinn sem markmannsþjálfari en hann er nú með reglulegar markmannsæfingar hjá félaginu, bæði fyrir karla og kvenna iðkendur við góðan orðstír.

Boltaskóli LUKA og Haukar

Markmið Knattspyrnudeildar Hauka er að búa til öflugra einstaklinga í knattspyrnu og einn liður í því verkefni er gott samstarf við knattspyrnuþjálfunarfélagið ASK LUKA ehf sem hefur boðið upp á frábær knattspyrnunámskeið fyrir stráka og stelpur á aldrinum 10 til 15 ára undir yfirskriftinni “æft eins og atvinnumaður.” Á námskeiðunum er lögð áhersla á grunntækni í knattspyrnu og einstaklingsþjálfun. Í tengslum við kennsluna eru videófundir þar sem farið er yfir tækniatriði og eru þá námskeiðin brotin upp með skemmtilegum uppákomum, svo sem heimsóknnum atvinnumanna, landsliðsfólks og þjálfara í fremstu röð.

Úr ársskýrslu Knattspyrnudeildar

Q. Handknattleiksdeild

Starfsárið sem er að líða hefur verið okkur handboltafólki í Haukum gjöfult og er starfið í alla staði öflugt eftir að gert var stórátak í starfi yngri flokka félagsins s.l haust. Markmið okkar er eins og undanfarin ár að bæta gæði þjálfunar og er stutt í að við kynnum stórátak í umgjörð og fagvinnu við uppbyggingu og þjálfun unga fólksins í handboltanum. Þar stefnum við ótrauð á þau markmið að verða að mestu sjálfbær hvað varðar leikmenn í afreksliðum okkar í meistaraflokki karla og kvenna í framtíðinni.

Aðstöðuleysi okkar hefur haft verulega slæm áhrif á okkar iðkendur sem hafa orðið fyrir mikilli skerðingu æfingátíma vegna keppni meistaraflokka í handbolta og körfubolta, sem eru



eins og kunnugt er öll í fremstu röð á Íslandi. Það hafa verið okkur mikil vonbrigði undanfarin ár hvernig hrópandi mismunun á aðstöðu milli okkar félags og FH hefur bitnað á okkar iðkendum og aðdáunarvert hvernig foreldrar og við sem vinnum í ómældu sjálfboðastarfi fyrir Hauka höfum umborið ástandið.

Það hyllir nú undir lausn á okkar aðalbaráttumáli sem er að ljúka byggingu viðbótar æfingarsalar á Ásvöllum sem byrjað var á fyrir hrun 2008 en einungis er kominn sökkull að. Bæjaryfirvöld hafa undanfarið ár unnið með okkur í Haukum við undirbúning framkvæmda og hillir nú undir að framkvæmdir hefjist því bæjaryfirvöld hafa lýst yfir vilja sínum að hefja framkvæmdir nú í vor. Áætlað er að æfingasalurinn verði tilbúinn til æfinga haustið 2017 og áætlað að framkvæmdir hefjist á 85 ára afmælisdegi Hauka 12. apríl n.k.

Félagslega höfum við bætt okkur mikið undanfarið ár en betur má ef duga skal því aðstöðuleysi hefur verið að plaga okkur og hamlað starfi sjálfboðaliða. Við erum þessa dagana að vinna að skipulagsbreytingum sem ætlað er að bæta þar úr og þá er verið að ganga frá breytingum á skrifstofum þannig að deildin okkar fái séraðstöðu þar sem foreldrar geta hitt okkar fagfólk og við unnið okkar sjálfboðavinnu eftir að okkar daglega verki lýkur.

Það eru skýr markmið okkar að efla starfið á öllum sviðum að gera stórátak til að efla almennt félagstarf yngri sem eldri.

Meistaraflokkur karla:

Meistaraflokkur karla átti gott ár 2015 undir stjórn Patreks Jóhannessonar sem tók við liðinu af Aroni Kristjánssyni fyrir keppnistímabilið 2013-2014, honum til aðstoðar var eins og áður Óskar Ármannsson. Liðið okkar varð Íslandsmeistari 2015 eftir frábæra leikjaseríu frá fyrsta leik í 8 liða úrslitum, unnum við alla leiki og kórónuðum glæsilegan vetur á að hampa bikarnum eftirsóttá í Mosfellsbæ á heimavelli Aftureldingar sem var okkar andstæðingur í lokarimmunni. Patrekur endaði því frábært starf fyrir Hauka að sinni með stæl og hvarf til krefjandi starfa sem þjálfari landsliðs Austurríkis. Þá skipti Óskar um vettvang og tók við kvennaliðinu okkar og er að gera frábæra hluti þar.

Í lok síðustu leiktíðar réðum við Gunnar Magnússon sem aðalþjálfara karlaliðsins og honum til aðstoðar Einar Jónsson Haukamann í húð og hár og með þeim Bjarni Frostason sem styður liðið með þjálfun og ráðgjöf markvarða. Liðið tók síðan þátt í Evópukeppni í haust og féll út gegn sterku liði Saint Raphael. Litlar breytingar urðu á leikmannahópi og er liðið að mestu skipað sömu leikmönnum og s.l ár. Þegar þetta er ritað er liðið í efsta sæti í deild þegar 5 umferðir eru eftir, sigruðu í Deildarbikarkeppni um áramótin og taka þátt í Final4 bikarúrslitahelgi nú í lok febrúar.

Frábær frammistaða það sem af er og vonandi tekst okkur að verja Íslandsmeistaratitilinn og tryggja okkur Bikarmeistaratitilinn einnig.

Meistaraflokkur kvenna:

Að mörgu leiti átti kvennalið okkar gott ár. Mikill kraftur var í liðinu og sótti fast að efstu liðum deildarinnar. Röð slysa á leikmönnum varð til þess að liðið féll út í fyrstu umferð úrslitakeppni en liðið endaði í 6. sæti í deildarkeppninni. Fyrir utan þá lykilleikmenn sem féllu út vegna meiðsla þá misstum við nokkra leikmenn í nám. Liðið náði þeim frábæra árangri að komast í Final

4 í Höllinni þar þær féllu út á móti Val annað árið í röð. Halldór Harri Kristjánsson og Halldór Ingólfsson þjálfarar liðsins réðu sig til Stjörnunnar og Óskar Ármannsson tók við liðinu fyrir keppnistímabilið 2015-2016. Spilandi aðstoðarþjálfari liðsins er Ramune Pekarskyte. Nýir leikmenn gengu til við félagið á haustmánuðum og er liðið nú í toppbaráttu deildarinnar og til mikils af liðinu ætlast.

Yngri flokka starf:

Stefna og framtíðarsýn félagsins er óbreytt. Hún byggist á þeirri grundvallarhugsjón að starfið eigi að vera allt í senn: faglegt, félagslegt og fjölskylduvænt. Í því felst að fagleg umgjörð starfsins sé vönduð og metnaðarfull og til þess fallin að laða að og fjölga leikmönnum í fremstu röð; það sé gaman og gefandi að vera í handbolta í Haukum og að iðkendur verði Haukafélagar til æviloka; og loks sé handboltaiðkun hjá Haukum spennandi valkostur fyrir fjölskyldur í Firðinum til að verja tíma saman.

Nýtt barna og ungliðaráð tók til starfa í haust, sem því miður var í seinna fallinu þar sem ekki var búið að klára frágang á samningum við þjálfara í öllum flokkum. Allt gekk það þó eftir og fengum við til liðs við okkur marga reynda þjálfara sem og minna reynda sem við sjáum sem framtíðarefni fyrir félagið. Þeir þjálfarar sem fyrir voru hjá félaginu og voru tilbúnir að vinna áfram fyrir félagið voru Jens Gunnarsson, Einar Jónsson, Elías Már Halldórsson, Elías Jónasson, Hulda Bjarnadóttir, Albert Magnússon, Áslaug Þorgeirsdóttir. Við þennan hóp bættust þjálfaranir Matthías Árni Ingimarsson, Alma Jónsdóttir, Þorkell Magnússon, Oliver Jóhannsson, Daníel Ísak Gústafsson, Kristinn Geir Þorgeirsson, María Pereira auk aðstoðarþjálfara.

Mestur tíma okkar hefur farið í að koma markvisst á skipulagi varðandi samskipti þjálfara og deildarinnar og í framhaldi auka upplýsingaflæði til foreldra og forráðamanna, þannig að allir aðilar viti okkar markmið og stefnu okkar Haukamanna í uppeldis og þjálfunarmálum.

Árangur yngri flokkanna árið 2015 var að 6. fl kvk eldra ár urðu Íslandmeistarar 2015 sem og 6. fl kk yngra ár. Bikarmeistarar 2015 urðu 2.fl kk.

Hlökkum við til að takast á við fleiri verkefni á næstu misserum. Jafnframt stefnum við á að fá fleiri hendur með okkur í lið, því þetta er gjöfult og skemmtilegt starf.

Úr ársskýrslu Handknattleiksdeildar

R. Körfuknattleiksdeild

Árangur deildarinnar er góður þegar litið er til þeirrar staðreyndar að deildin hefur ekki úr nema um 190 iðkendum að spila en þeim fjölgar þó sem betur fer jafnt og þétt. Deildin hefur á að skipa einu besta þjálfarateymi landsins hvort sem litið er til meistaraflokka eða barna- og unglingastarfsins. Stefnt er á að byggja á uppöldu Haukafólki jafnt sem þjálfurum og leikmönnum. Faglegt uppbyggilegt starf leiðir án nokkurs vafa til fjölgunar iðkenda og þar að leiðandi til hærri launa þeim til handa. Áfram er fjöldi leikmanna Hauka valinn til landsliðsverkefna og eru liðsfélögum og öðru Haukafólki fyrirmyndir. Það er því deginum ljósara að framtíðin er björt í Schenkerhöllinni.

Meistaraflokkur karla:

Á árinu 2015 náði meistaraflokkur karla sínum besta árangri í ansi mörg ár þegar hann sló Keflavík út úr átta liða úrslitum Íslandsmótsins í hádramatískri seríu. Að lokum sló lið Tindastóls Hauka út með nokkuð öruggum hætti. Miklu munaði um frammistöðu erlends leikmanns Hauka sem stóð sig ekki á vítalínunni og brugðu andstæðingarnar því á það ráð að brjóta á honum síendurtekið.

Meistaraflokkur kvenna:

Ungt og efnilegt lið Hauka stóð sig framar öllum væntingum þar sem það komst í úrslitakeppnina og tapaði fyrir sterku liði Keflavíkur. Liðið var borið uppi af ungum stúlkum ásamt nokkrum sterkum eldri leikmönnum. Þær eru reynslunni ríkari.

Barna og unglingaráð:

Á árinu 2015 stóð góður árangur yngri flokka starfs deildarinnar upp úr. Félagið átti að skipa sjö liðum í úrslitum bikarkeppninnar og vann til bikarmeistaratitils í unglingaflokki karla, 9. flokki karla og stúlknaflökki kvenna. Haukar áttu þrjá flokka sem spiluðu til úrslita um Íslandsmeistaratitil. 9. flokkur, stúlknaflokkur og unglingaflokkur karla spiluðu til úrslita sem í Hólminum. Allir flokkarnir töpuðu sínum úrslitaleikjum eftir jafna leiki. Annars er það að segja af starfi barna- og unglingastarfsins að frá 1. október 2015 er altaf gert upp við alla þjálfara 5. hvers mánaðar en svo hefur ekki verið um langt árabíl. Stefnt er að því að klára að greiða upp gamlar launaskuldir við þjálfara fyrir 1. apríl 2016 en þær voru færðar í svo kallaðan uppgjörssjóð allra yngri flokka félagsins.

Rekstarfélagshluti körfuknattleiksdeildar:

Ársreikningar körfuknattleikdeildarinnar eru ekki gerðir frekar en síðustu ár þar sem rekstur meistaraflokkanna er hluti af Rekstrarfélagi Hauka á meðan rekstur yngri flokka fellur undir aðalstjórn félagsins. Til að standa undir metnaðarfullum áformum deildarinnar þá hafa útgjöld verið hækkuð jafnt og þétt á milli ára og því miður stefnir í að uppgjórið verði neikvætt fyrir árið 2015 þrátt fyrir nokkuð hærra framlag samstarfsaðila.

Samningur við aðalstyrktaraðila deildarinnar, Actavis, liggur fyrir og munar þar miklu í rekstrinum. Samningurinn við Actavis er á svipuðum nótum og á síðasta keppnistímabili en Actavis samþykkti að greiða aftur öll verðlaun á Actavismótinu. Nýir samningar hafa verið

gerðir við samstarfsaðila á síðasta ári og hafa fyrirtækin VHE, Samskip og Navision bæst í hópinn auk þess sem að Landsbankinn hefur tvöfaldað styrk sinn til deildarinnar. Helstu samstarfsaðilar körfunnar eru auk fyrrgreindra: Schenker, Fjarðarkaup, Alcan, N1, KFC/Góa, Vellir Bistro, Errea, Eignaumsjón, BL, Rafholt, Þarfaping, Mannvit og Bílaleiga Akureyrar. Þá er rétt að geta þess að stuðningsaðilar sem ekki vilja láta nafns síns getið standa undir kostnaði við allt flug erlendra leikmanna. Allir þessi aðilar eiga þakkir skildar fyrir sýndan hlýhug til deildarinnar.

Stjórnar- og stuðningsfólk körfunnar vann að ýmsum verkefnum á liðnu ári enda ýmis verkefni sem falla til. Mikil vinna er unnin við flugeldasölu, uppsetningu og frágang á leikjum meistaraflokkanna, akstur bílaleigubíla og svona mætti lengi telja. Actavis mótið er deildinni mikilvæg fjáröflun en þá leggja mjög margir lóð sín á vogarskálarnar. Þakka ber öllu því góða fólkum sem að starfinu kemur, bæði stjórnarfólki, foreldraráðum og öðrum er leggja sitt að mörkum til deildarinnar.

Engar breytingar voru í stjórn deildarinnar á milli aðalfunda en þess ber að geta að Gísli Guðlaugsson, ritari stjórnar, ákvað að hvíla sig á stjórnarsetu en hann verður áfram virkur í starfi meistaraflokks kvenna. Ný stjórn horfir jákvæðum augum til framtíðar með enn frekari árangur í huga. Til að svo megi verða þá þarf að leysa brýnan aðstöðuvanda. Haukar standa illa að vígi í samkeppni við aðrar boltagreinar þegar kemur að æfingaplássi fyrir meistaraflokkana. Mikið leikjamagn í úrslitakeppnum á vormánuðum þrengir mikið stöðu deildarinnar enda fækkar þá æfingatímum á Ásvöllum. Unnið er hörðum höndum að því að ýta á Hafnarfjarðarbæ að ljúka byggingu körfubolta húss en vonir standa til að hefja hönnun hússins strax á árinu svo hægt verði að opna húsið haustið 2017.

Stjórnin þarf að vera á tánum gagnvart auknu fjármagni til starfsins enda kostnaðarsamt að tefla fram sterku liði í karla og kvennaflokki. Í tilfelli meistaraflokkanna þá verður deildin að leita eftir frekari leiðum til að styrkja rekstrargrunninn þannig að hægt verði að standast samanburð við þá bestu. Á sama tíma og stjórn deildarinnar gerir kröfu til leikmanna og þjálfara um stöðuga bætingu þá þurfa þeir að finna fyrir ótvíræðum stuðningi. Til að ná árangri þarf deildin að hafa metnað til að ná langt, vita hvert hún stefnir, og þjálfarar jafnt sem leikmenn að vera reiðubúnir að fórnar enn meiri tíma í þetta. Þrátt fyrir allan þann metnað sem lagður er í starfið þá verður alltaf fyrir hendi svigrúm fyrir leikmenn og þjálfara til að reka sig á og gera stöku mistök. Liðin verða að þó standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra. Stjórn, þjálfarar, leikmenn og allir sem að starfinu standa eru dæmd af verkum sínum og þá ekki bara árangri hennar heldur hvernig deildin vinnur að því að ná árangri. Það er því mikilvægt að athafnir leikmanna, stjórnar og þjálfara endurspeglar metnað deildarinnar. Við neytum engra vímeftna og erum ungum iðkendum deildarinnar til fyrirmyndar, högum okkur siðsamlega í alla staði, umberum ekki metnaðarleysi leikmanna, við hrósum og verðlaunum þá sem eru tilbúnir að leggja sig fram! Eitt af næstu verkefnum stjórnar körfuknattleiksdeildar Hauka er að klára markvissa áætlanagerð þar sem að verkefnið verða skilgreind, þeim fundinn ábyrgðarmaður, þau tímasett og gerð öllum þeim er að starfinu koma sýnileg. Sú áætlun mun liggja fyrir í haust þegar að nýr vetur hefst.

Úr ársskýrslu Körfuknattleiksdeildar

S. Karatedeild

1. febrúar 1990 komu nokkrir ungir drengir saman í Haukahúsinu við Flatahraun og stofnuðu Karatedeild. Síðan þá hefur deildin starfað óslitið og unnið marga frækna sigra. Einn drengjanna var Gunnlaugur Sigurðsson sem haldið hefur öðrum fremur nafni deildarinnar á lofti og er núverandi formaður. Nokkur fjölgun yngri iðkenda hefur verið í vetur. Deildin horfir björtum augum fram á veginn.

T. Boltafimi – eldri borgarar

Starfsemin var með eðlilegum hætti fyrri hluta ársins undir stjórn Kristjáns Ómars Björnssonar en sl. haust kom í ljós að enginn heppilegur tími fékkst í húsinu og lagðist því starfsemin niður sem vekur athygli á hinni brýnu þörf sem orðin er fyrir viðbótarhúsnæði.

U. Afreksskóli Hauka

Afreksskóli Hauka hóf sinn 8. skólavetur í ágúst 2015 og hefur starfað síðan þá í svo til óbreytri mynd þar sem nemendur sækja þrjár vikulegar kennslustundir hjá félaginu og fá metið sem valfög í sínum grunnskólum. Nemendur koma úr öllum boltagreinum félagsins og hefur fjölgað ár frá ári en fjöldinn hefur nú náð þannmörkum sem liggja milli 65 – 70. Talsvert fleiri sækja um skólavist en hægt er að taka á móti. Með betra aðgengi að tímum í íþróttaaðstöðu félagsins væri hægt að veita fleiri nemendum tækifæri til að stunda nám við skólann. Hins vegar gerir mjög þröngur húsakostur félagsins það að verkum að gríðalega erfitt er að koma kennslustundum Afreksskólans fyrir í stundatöflum. Enn þurfa nemendur að sækja tíma kl. 6:15 á morgnanna og er starfið algjörlega komið upp á náð og miskunn grunnskólanna og það að þeir fullnýti ekki sína tíma í húsinu, þannig að Afreksskólinn geti nýtt tíma í lok skóladags og áður en hefðbundnar æfingar flokkanna hefjast.

Árleg könnun sem gerð er meðal nemenda og foreldra þeirra hefur sýnt að almennt er mjög mikil ánægja með starfið. Gæðin í þjálfuninni eru mjög mikil þar sem yfirleitt eru ekki fleiri en 6 – 8 nemendur á hvern þjálfara og eru aðalþjálfarar skólans Emil Barja og Helena Sverrisdóttir í körfubolta, Gunnar Magnússon og Ragnheiður Berg í handbolta og Kristján Ómar Björnsson í fótbolta ásamt öflugum aðstoðarþjálfurum.

Úr ársskýrslu Afreksskólans

V. Verklegar framkvæmdir

Á liðnu starfsári var lokið við mikila framkvæmd við endurnýjun á gervigrasi á knattspyrnuvellinum sem fyrir nokkru hefði þurft að endurnýja. Snjóbræðslulagnir undir vellinum voru einnig endurnýjaðar auk þess sem öryggissvæði utan með vellinum voru stækkuð til samræmis við núgildandi reglur. Framkvæmdinni var stjórnað af Haukum með góðum stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ. Eins og fram hefur komið í skýrslunni var gríðarlega mikil vinna unninn af sjálfbóðaliðum Hauka og þá mest frá knattspyrnudeildinni. Mikil

stuðningur við framkvæmdina kom einnig frá stuðningsfyrirtækjum Hauka. Þar lögðu fyrirtæki eins Verkfræðistofan Hnit, Metatron ehf., Pípulagnir Samúels og Kára, Fjarðargrjót, Hlaðbær Colas, Vatnsskarðsnámur Alexanders Ólafssonar, Elmax ehf., Lokal Tækni ehf., Vatnsvirkinn ehf. og fleiri fyrirtæki sitt lóð á vogarskálarnar til að gera verkið eins vel úr garði og mögulegt er. Haukar vilja þakka öllum þessum aðilum fyrir gott samstarf við framkvæmdina.

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla fundar nú reglulega um fyrirhugaðar framkvæmdir að Ásvöllum og framtíðaruppbyggingu svæðisins. Meginlínur í framkvæmdaröð uppbyggingarinnar liggja fyrir frá Haukum þar sem fyrst kemur æfingasalurinn sem nú er í hönnun þar á eftir kemur inni æfingaaðstaða fyrir knattspyrnu. Áhorfendastúka og tengibygging að Ásvöllum er þar á eftir í röðinni.

Töluvert viðhald er komið á húsin hér að Ásvöllum sem ljóst er að bregðast þarf við á allra næstu árum. Þá er í vinnslu endurnýjun á dýnum fyrir Karatesal sem og að endurbæta þarf lyftingasal verulega bæði með tækjum og viðhaldi á veggjum, gólfum og loftum.

W. Aðrir hópar – blak, rugby, golf, veiði

Blakdeild Hauka hefur vaxið og dafnað eftir þann stuðning og tækifæri sem Knattspyrnufélagið Haukar gáfu deildinni. Á haustönn deildarinnar voru 34 konur skráðar í blakið og mættu að meðaltali um 26 konur á hverja æfingu. Vegna ófyrirséðar fjölgunar hjá deildinni og við missinn á sal A á sunnudagskvöldum þá var farið í breytingar á uppsetningu æfinganna. Haukarnir komu til móts við deildina, héldu með því áfram að sýna deildinni dyggan stuðning í þessu starfi sem ætlar greinilega að stækka mun hraðar en nokkurn óraði fyrir. Tekin var ákvörðun um að koma fyrir þremur blakvöllum í sal B á Ásvöllum svo hægt verði að bjóða upp á æfingu fyrir allar konurnar. Í kjölfar þessarar fjölgunar var tekin ákvörðun um að ráða inn aðstoðarþjálfara til stuðnings Karli Sigurðssyni, aðal þjálfara deildarinnar. Á fimmtudögum fengum við úthlutaðan tíma í íþróttahúsinu í Víðistaðaskóla. Til þess að koma til móts við iðkendur var samið um að fimmtudagsæfingarnar yrðu aðeins 1,5 klukkutími í staði tveggja. Hópnum var því skipt í tvennt. Því eru tvær 1,5 klukkutíma æfingar á fimmtudögum í íþróttahúsi Víðistaðaskóla í stað einnar, eins og stefnt var að upphaflega.

Árið 2015 er auðvitað merkilegt fyrir þær sakir að í fyrsta sinn tekur lið frá Hafnarfirði, Blakdeild Hauka, þátt í Íslandsmóti á vegum Blaksambands Íslands. Lið eru sett í deildir og þau verða svo að vinna sig upp úr deildum. Haldnar eru þrjár túrningar á Íslandsmótinu yfir veturinn í 6. deild og var fyrsta túrningin haldin að Flúðum í nóvember 2015. Haukar unnu þar alla sína leiki, nema einn, og voru því í 2. sæti í deildinni eftir helgina. Til þess að lið komist upp um deild þá verður það að vera í fyrstu tveim sætunum eftir veturinn. Önnur túrning Íslandsmótsins var haldin í Kórnum í janúar sl. þar sem Haukarnir töpuðu aðeins einum leik af fimm mjög naumlega og halda áfram í öðru sæti. Eins og stigin í deildinni liggja fyrir núna þá er nokkuð öruggt að við sjáum fram á að Haukar komast upp í 5. deild á næsta ári. Í framhaldi af því er stefnt að því að senda annað lið í deildarkeppni. Einnig mun í fyrsta skipti lið frá Haukum fara í Bikarkeppni Blaksambands Íslands árið 2016. Deildin og iðkendur halda áfram næstu árin að taka ný skref og setja sitt mark á blakheiminn á Íslandi.



Iðkendum deildarinnar gafst tækifæri að taka þátt í hinu ýmsu trimm- og skemmtimótum, allt frá byrjendum upp í þær allra reyndustu. Þessi mót eru mjög mikilvæg fyrir alla til þess að auka færni sína í blaki og fá reynslu í keppni. Á þessum mótum voru Haukakonur ávallt mjög áberandi, enda fóru þrjú lið frá Haukum á flest öll mótin. Það er mjög góð þátttaka miðað við nýlega stofnaða deild og nýjan vettvang í Hafnarfirði. Veturinn fór mjög vel af stað og stefnir í að blakiðkun í Hafnarfirði vaxi með komandi árum. Stjórn deildarinnar vinnur nú hörðum höndum með aðalþjálfara deildarinnar að framtíðarstefnu deildarinnar. Stefnan er sett á að hafa tvískiptan hóp kvenna næsta haust svo hver og ein kona fái meira út úr þjálfuninni. Einnig er lögð mikil áhersla á að bjóða upp á æfingar fyrir karlmenn, en það hafa komið inn þó nokkrar fyrirspurnir um vettvang fyrir karlmenn innan deildarinnar. Eins stefnir deildin á að bjóða upp á starfsemi fyrir börn og unglinga fyrir árið 2020.

Árið 2016 verður fyrsta lið Haukanna komið upp um deild og annað lið komið inn í deildarkeppnina, við verðum því með 2-3 lið í 5.-6. jafnt og deild. Stefnan er sjálfsögðu að halda áfram á þessari sigurbraut og vera komin með lið í 1. deild innan skamms. Deildin stefnir jafnframt að því að halda eigið mót árin 2016-2017, mót skipta miklu máli til þess að marka stöðu deildarinnar innan blakheimsins og líka sem fjáröflun fyrir deildina. Helsta markmið Blakdeildar Hauka er að vaxa þétt og verða stærsta og flottasta blakdeild á Íslandi.

Úr ársskýrslu Blakdeildar

Golf

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 og var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssonar í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

“Haukum í holu” hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. 2015.

Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi, í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakki af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka.

Keppnin er tvískipt í punktkeppni er keppt um Rauða Jakkann en í högggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktkeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.

Þeir félagar Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálunum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á



móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld – Baddaskjöldinn – til keppni í högguleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

Aðalstjórn félagsins gaf í fyrra farandgrip, Haukabikarinn. Keppt verður um hann í 10 ár í besta skori án forgjafar.

Haukafélagar í fyrirtækjarekstri jafnt sem einstaklingar hafa alla tíð stutt dyggilega við mótið og gefið myndarleg verðlaun, þannig að allir sem vettlingi hafa valdið og á golfkylfu haldið hafa farið heim með verðlaun í mótslok.

Myndarlegur ágóði hefur verið af mótinu alla tíð og hefur honum verið varið til eflingar starfssemi hinna ýmsu deilda Hauka.

Haukamótið þykir með glæsilegustu mótum sem haldin eru á Hvaleyrarvelli. Fer þar saman besti golfvöllurinn og golfmót besta félagsins.

Innan Hauka eru og hafa verið margfaldir Íslandsmeistarar í hinni göfugu golfíþrótt, má þar nefna Björgvin Sigurbergsson, Svein Sigurbergsson og Úlfar Jónsson.

Golf-Haukar er hópur sem kom saman á 80 ára afmæli félagsins 2011 og stofnaði klúbb sem fékk nafnið GOLF-HAUKAR. Eins og nafnið bendir til er áhugasviðið golf. Þetta er 16 manna hópur fyrrum keppnis- og stjórnarmanna úr handknattleiksdeild félagsins sem fundu sér rólegri farveg á grænum grundum golfvalla landsins og víðar. Aldursmörkin eru 50 ára og meðlimir þurfa auk þessa að vera skráðir í Keili.

Haukur á stöng og Mokveiðideildin hafa starfað blómlega um margra áratugaskeið og sótt björg í bú í ár og vötn landsins. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin sem er fjölmenn samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins og eru inntökuskilyrði rýmri en færri komast þó að en vilja.

Rugby

Haukar bikarmeistarar í ólympísku rugby

Á árinu 2014 leituðu nokkrir einstaklingar eftir því við stjórn Hauka að fá aðstöðu til að æfa ólympískt rugby á grasæfingarsvæði Hauka að Ásvöllum. Jafnframt að lið sem stofnað yrði mætti spila undir merkjum Knattspyrnufélagsins Hauka. Þessari málaleitan var vel tekið og æfði og keppir liðið undir merkjum Hauka. Sumarið 2015 tók félagið þátt í innanlandskeppni í ólympísku rugby, en þá kepptu Rugbyfélagið og Reykjavík Raiders í innanlandskeppni. Spilaðir voru þrír leikir, einn á Ásvöllum og tveir á Hlíðarenda. Haukar unnu bikarinn en þetta er fyrsta keppnin sem haldin hefur verið í Rugby á Íslandi. Haukar héldu á Ásvöllum fyrsta alþjóðlega sevens mótið á Íslandi, þar sem 5 erlend lið komu í heimsókn. Haukar lentu

þar í þriðja sæti. Nokkrir leikmenn Hauka tóku þátt í þremur alþjóðlegum mótum erlendis á árinu, fyrir hönd Íslands. Má þar m.a. nefna Evrópumótið í rugby sevens sem var haldið í Bosníu og vann Ísland þar sinn styrkleikaflokk. Á árinu 2015 fjölgaði í leikmannahópnum um 50 %.

X. Rekstrarfélag Hauka

Stjórn Rekstrarfélags Hauka skipa eftirtalin:

Formaður Samúel Guðmundsson, Þorvarður Tjörvi Ólafsson, Þorgeir Haraldsson, Kjartan Freyr Ásmundsson, Ágúst Sindri Karlsson.

Varamenn: Haraldur Ólafsson, Magnús Ingi Óskarsson og Guðborg Halldórsdóttir.

Stjórn Rekstrarfélagsins fundar reglulega um málefni félagsins.

Y. ÍBH

Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson og varamaður Samúel Guðmundsson.

ÍBH fagnaði 70 ára afmæli á árinu 2015 en stofnfundur ÍBH var haldinn 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið eins og kunnugt er, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Með stofnun ÍBH fyrir 70 árum var grunnur lagður að frekari eflingu íþróttanna í Hafnarfirði og sé litið til þeirra áratuga sem liðið hafa frá stofnun Íþróttabandalagsins sést að breytingar í íþróttaiðkun og aðstöðu allri er auðvitað ekki saman að líkja. Hvert íþróttamannvirkið af öðru hefur risið og afrek hafnfirskis íþróttafólks hafa verið eftirtektarverð. Þannig má segja að grunnur að Íþróttabænum Hafnarfirði hafi verið lagður fyrir margt löngu.

Á formannafundi sem haldinn var haustið 2014 var m.a. samþykkt einróma að bygging nýs íþróttasalar að Ásvöllum væri næsta verkefni í byggingu íþróttamannvirkja. Það er því ánægjulegt að Hafnarfjarðarbær hefur ákveðið að ráðist verði í byggingu nýs íþróttasalar að Ásvöllum og áætlað er að íþróttasalurinn verði tekinn í notkun árið 2017. Mun nýr íþróttasalur á Ásvöllum bæta mjög úr brýnni þörf fyrir íþróttæfingar og keppnir, en einn æfingarsalur á Ásvöllum hefur engan veginn getað annað þeirri þörf síðustu ár.

Z. Fjármál

Rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka er fjölþættur, eins og framlagðir ársreikningar félagsins bera með sér. Rekstur félagsins er tvískiptur, annars vegar er um að ræða umsýslu Knattspyrnufélagsins Hauka og hins vegar Rekstrarfélags Hauka ehf., en félagið er að öllu leyti í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka og hefur það hlutverk að sjá um rekstur meistaraflokka félagsins í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu. Heildartekjur félaganna á árinu 2015 voru samtals um 319 milljónir króna, en heildar rekstrarútgjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði voru kr. 323 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2015 að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var neikvæð um rúmar 8 milljónir króna. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2015 eru kr. 241 milljónir, en skuldir samstæðunnar nema um 98 milljónum króna, þar af langtímaskuldir kr. 19 milljónir.

Rekstur íþróttafélags er í eðli sínu mjög sveiflukenndur. Helgasta það ekki síst af þeirri staðreynd að tekjuflæði er óstöðugt og nokkuð ótryggt, en uppspretta fjármagns er háð mörgum ólíkum þáttum. Má þar til nefna samstarfssamninga við fyrirtæki, framlag Hafnarfjarðarbæjar til rekstrar sem og styrkveitingar, árangur og sýnileiki afreksfólks Hauka, sem og efnahagslegir þættir er lúta að iðkendum og fjölskyldum þeirra, svo fátt eitt sé nefnt.

Þegar litið er til reksturs Knattspyrnufélagsins Hauka og Rekstrafélags Hauka má segja að reksturinn sé í jánnum þegar litið er til fjögurra síðustu ára. Það skiptir verulegu máli að rekstrargrunnur félagsins sér traustur og hafa forráðamenn félagsins átt ítrekaða fundi með bæjaryfirvöld og bent á þann vanda sem blasa muni við félaginu verði þeir samningar sem þegar eru í gildi ekki fullnustaðir, en óumdeilt er að liðlega 30 milljónir króna skortir á að við samninga hafi verið staðið. Það getur hins vegar verið erfiðleikum bundið að reka félagið svo ásættanlegt sé ef ekki tekst að treysta betur fjárhagslegan stöðugleika með betra og öruggara fjárstreymi til lengri tíma.

Mörg spennandi verkefni eru framundan, hönnun og bygging íþóttasalar, bætt félagsaðstaða, heildarendurskoðun á nýtingu félagssvæðis Hauka og margvíslegar umhverfisbætur. Allt eru þetta þörf og brýn verkefni sem Haukar og reyndar íbúar í nærumhverfi telja nauðsynleg. Það er hins vegar nauðsynlegt að allir leggist á árar þannig að rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka verði enn traustari og frekari uppbyggingin á Ásvöllum verði að veruleika, samfélaginu til heilla.

AA. Hafnarfjarðarbær

Uppbyggingin á Ásvöllum er komin á dagskrá hjá bæjarfélaginu og hefur framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla starfað undanfarið. Í nefndinni sitja fyrir hönd Hauka: Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson, Magnús Gunnarsson og Ágúst Sindri Karlsson. Bygging nýs íþóttasalar er fremst í röðinni en þar á eftir knattspyrnuhús og stúka. Tillaga hefur komið fram um byggingu íbúða á svæðinu og verður hún skoðuð.

Endurskoðun samstarfs- og rekstarsamnings.

Á fundi með bæjaryfirvöldum í byrjun árs 2014 var rætt um nauðsyn þess að endurskoða samstarfs- og rekstarsamninga við ÍBH og aðildarfélög þess. Var þar rætt um hlutverk og vekefni hópsins, en fundarmenn voru sammála um að hlutverkið væri tvíþætt, annars vegar endurskoðun samtarfs- og styrktarsamninga og hins vegar rekstarsamninga íþróttamannvirkja. Samninginn milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar væri nauðsynlegt að yfirfara. Þar var rætt um kröfulýsingu fyrir íþróttahús og nauðsyn þess að kostnaðarmeta atriði sem sett voru fram í skýrslu sem tekin var saman af bæjaryfirvöldum. Miklar umræður urðu á fundinum um skerðingu á rekstarsamningum sem tóku gildi 2011 og var það skýr krafa frá ÍBH að sú skerðing yrði dregin til baka.

Ekki var gengið frá nýjum samningi og ekki hefur Knattspyrnufélagið Haukar, né önnur íþróttafélög fengið ofangreinda leiðréttingu, en Hafnarfjarðarbær greiddi hins vegar fullar verðbætur samnings frá 1. janúar 2014. Það má því segja að sú fundarröð og þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi árs 2014 hafi að ekki gengið eftir.

Þráðurinn var svo tekinn upp að nýju á árinu 2015 og hafa bæjaryfirvöld, ÍBH og íþróttafélögin haldið fjölmarga fundi um breyttar áherslur í nýjum samningum milli Hafnarfjarðarbæjar, ÍBH og íþróttafélaganna. Er þar lagt upp með að annars vegar verði um að ræða sérstakan rekstarsamning sem gildir um rekstur íþróttamannvirkja og hins vegar þjónustusamning, þar sem komið yrði til móts við íþróttahreyfinguna með fjárframlagi sem skilgreint yrði í nýjum samningi. Þrátt fyrir marga fundi um nýja samstarfssamninga hefur ekki, þegar þetta er ritað, verið undirritaður nýr samningur aðila. Aðilar hafa þó þokast nær



markmiðum, en ljóst er að auka þarf verulega beinan fjárhagslegan stuðning við íþróttastarfsemi, ætli Hafnarfjarðbær ekki að dragast verulega aftur úr nágrennasveitarfélögum hvað þennan þátt varðar.

Samskipti Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka hafa alla jafna verið góð og samskipti félagsins við bæjaryfirvöld bæði mikil og nauðsynleg. Knattspyrnufélagið Haukar gegnir þýðingarmiklu hlutverki í nærsamfélagi þeirra byggða sem næst liggja íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum. Því eru miklir hagsmunir allra aðila að vel sé staðið að málum og að horft sé með bjartsýni og dug til framtíðar.

Á árinu 2015 var lagt nýtt keppnisgras á aðalkeppnisvöll félagsins. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í þeirri framkvæmd var 90% og Hauka 10%. Er vert að þakka fyrir framlag Hafnarfjarðarbæjar og góð samskipti við stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar sem komu að ákvarðanatöku og vinnu við þá framkvæmd. Framkvæmdin var í höndum Hauka og tókst vel.

Þá liggur fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við nýjan íþróttasal við Íþróttamiðstöðina á Ásvöllum og er gert ráð fyrir að samningar um þá framkvæmd verði undirritaðir á 85 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Hauka, þann 12. apríl næstkomandi.

BB. Lokaorð

Íþróttafélög í fremstu röð hér á landi munu ekki eflast og dafna nema að sjálfbóðaliðar vinni gríðar mikið og óeigingjarnt starf fyrir sitt félag. Haukar hafa á að skipa fjölmennu og öfluglu liði sjálfbóðaliða sem vinna ómetanlegt og gott starf fyrir félagið. Sjálfbóðaliðum Hauka er þakkað fyrir gríðarlega gott starf fyrir félagið á liðnu ári.

Nú er að ljúka mínu öðru starfsári sem formaður Hauka, ári sem hefur verið bæði lærdómsríkt og ánægjulegt. Mörg spennandi verkefni við viðhald og uppbyggingu okkar öfluga félags eru framundan og mun ég bjóða fram starfskrafta mína til að stýra Haukum áfram á næsta ári.

Helstu verkefni á komandi starfsári eru:

Halda áfram vinnu við að ná betra jafnvægi í rekstri félagsins. Nauðsynlega þarf að koma rekstri félagsins í hagnað á komandi ári svo greiða megi rekstraskuldir félagsins.

Vinna að uppbyggingu Ásvalla þar sem markmiðið er að hefja byggingu íþróttasalar við Ásvelli á árinu.

Stuðla að nýliðun í sjálfbóðaliðastarfi fyrir félagið og hvetja yngra fólk til að starfa fyrir Hauka. Stefnt er að því að skilgreina betur vinnu sjálfbóðaliða í félaginu og fela m.a. sjálfbóðaliðum aukin störf við stjórnun og undirbúning viðburða Hauka í hægum en öruggum skrefum.

Tryggja að rekstarsamningar við Hafnarfjarðarbæ verði leiðréttir vegna skerðingar á liðnum árum, sem og að vinna að því að þeir verði eflir frá því sem nú er með hliðsjón af nýgerðum rekstrarsamningum íþróttafélaga í nágrennasveitarfélögum.

Mörg önnur verkefni bíða nýrrar aðalstjórnar á næsta starfsári við að halda áfram uppbyggingu okkar öfluga félags.

Áfram Haukar

Samúel Guðmundsson, formaður